



## Skipulagslýsing

### Breyting á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 Efnisnáma við Hálsá

Apríl 2023



# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Yfirlit.....</b>	<b>2</b>
1.1	Skipulagslýsing .....	2
<b>2</b>	<b>Viðfangsefni .....</b>	<b>2</b>
2.1	Breyting á aðalskipulagi .....	2
2.2	Drög að áætlun um mótvægisáðgerðir og frágang.....	4
<b>3</b>	<b>Forsendur .....</b>	<b>5</b>
3.1	Stefna sveitarstjórnar .....	5
3.2	Staðhættir .....	5
3.3	Tengsl við aðrar áætlunar .....	6
<b>4</b>	<b>Áhrifamat, umhverfismat áætlunar.....</b>	<b>7</b>
<b>5</b>	<b>Skipulagsferli, kynning og samráð.....</b>	<b>7</b>
5.1	Verkáfangar.....	7
5.2	Tímaáætlun.....	7
5.3	Umsagnaraðilar.....	8
5.4	Ábendingar og athugasemdir vegna lýsingar.....	9

## Dalvíkurbyggð

Ráðhúsi

620 Dalvík

Kt: 620598-2089

<https://www.dalvikurbyggd.is>

Sími: 460 4900

## TEIKNA - teiknistofa arkitekta

Kaupangi v/Mýrarveg

600 Akureyri

[www.teikna.is](http://www.teikna.is)

[arni@teikna.is](mailto:arni@teikna.is)

Sími: 461 5508

# 1 YFIRLIT

---

Í skipulagslýsingu þessari er gerð grein fyrir fyrirhugaðri breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 áður en gengið verður frá breytingartillögu til kynningar og auglýsingar. Lýsingin er sett fram og kynnt í upphafi verks í samræmi við 30. og 36. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 til þess að almenningur, umsagnaraðilar og hagsmunaaðilar fái upplýsingar um fyrirhugaða skipulagsvinnu og geti sett fram sjónarmið, athugasemdir og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagstillögu.

Fyrir liggur umsókn til sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku við Hálsá neðan þjóðvegar. Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum 3. mars 2023 að undirbúa breytingu á aðalskipulagi með framlagningu og kynningu skipulagslýsingar þar sem gerð yrði grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd.

## 1.1 SKIPULAGSLÝSING

Í lýsingu er gerð grein fyrir helstu forsendum, fyrirliggjandi stefnu, áformuðum breytingum og fyrirhuguðu skipulagsferli. Leitað verður umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum.

# 2 VIÐFANGSEFNI

---


## 2.1 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felst í því að skilgreina heimild fyrir efnistöku við Hálsá, sem er forsenda framkvæmdaleyfis. Fyrirhuguð efnistaka er um  $49.000 \text{ m}^3$  á um 2,4 ha lands á vesturbakka árinnar. Efnistökusvæði 2,5 ha eða stærri og/eða  $50.000 \text{ m}^2$  eða stærri eru tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar um það hvort meta þurfi umhverfisáhrif þeirra. Fyrirhuguð náma er því ekki tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar.



1. mynd. Norðurhluti fyrirhugaðrar efnistöku merktur í grófum dráttum með rauðum fleti. Séð frá þjóðveginum við minnismerki um séra Friðrik Friðriksson.

Fyrirhuguð breyting verður sett fram á breytingablaði aðalskipulags þar sem sýnt verður gildandi skipulag og breytingartillaga. Náman mun frá landnotkunarnúmer og ákvæði um hana, efnismagn og sérákvæði ef einhver verða, verða sett í töflu í kafla 4.12 í greinargerð aðalskipulagsins.



2. mynd. Aðalsskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020. Fyrirhugað efnistökusvæði merkt með rauðum hring.

LANDNOTKUN	
	Þéttbylli, þéttbýlismörk
	Íbúðarsvæði
	Svæði fyrir þjónustustofnanir
	Svæði fyrir þjónustustofnanir
	Verslunar- og þjónustusvæði
	Athafnasvæði
	Iðnaðarsvæði
	Hafnarsvæði
	Landbúnaðarsvæði L1
	Landbúnaðarsvæði L2
	Landbúnaðarsvæði, sérkvaði
	Fristundabyggð
	Opin svæði til sérstakra nota
	Afbreyningar- og ferðamannasvæði
	Íþróttasvæði
	Óbyggð svæði
	Blönduð landnotkun
	Efnistökusvæði
	Merking landnotkunarreita
	Landfyllingar

SAMGÖNGUKERFI	
	Stofnbraut
	Stofnbraut, jarðgöng
	Tengivegur / tengibraut
	Aðrir vegir / safngata
	Aðal göngu- og hjólastígar
	Megin útvistarstígar
	Reiðleið
STOFNLAGNIR VEITUKERFA	
	Rafveita, loftlinna
	Rafveita, flutningslinna, helgunarsvæði
	Rafveita, jarðstrengur
	Hitaveita
	Vatnsveita
	Ljósleiðari
	Fráveita, útrás

TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN	
	Hverfisverndarsvæði
	Náttúruverndarsvæði: Fólkvangur, friðland
	Svæði á Náttúrumjaskrá
	Vatnsverndarsvæði
	Brunnsvæði
	Grannsvæði
	Fjarsvæði
	Fornminjar, minjasvæði
	Fornminjar, Sveitarlangur
	Lárétt hónnunarhröðun i jarðskjálftum

GRUNKORT  
Sveitarfélagsuppráttur:  
Landmaelingar Íslands, af kortablöðum  
í m.kv. 1:50 000  
Þéttbýlisuppráttir:  
Háðarinnur: Loftmyndir ehf.  
Onnur grunnkort: Verkfæðistofa  
Norðurlands

## 2.2 DRÖG AÐ ÁÆTLUN UM MÓTVÆGISAÐGERÐIR OG FRÁGANG

Byggt á fylgigögnum með umsókn um framkvæmdaleyfi:

Meðal markmiða umsækjanda er verja ræktað land og lyngmóa en einnig er vilji til að skapa aðstæður fyrir lífríki í ánni sem eru ekki til staðar í dag. Vegna þess er þörf á að ráðast í töluverðar rannsóknir.

Rask á farvegi árinnar verður eingöngu utan veiðitíma ár hvert eða frá 15. október til 30. mars. Efnistakan sjálf getur svo farið fram utan þess tíma en þá ekki í farvegi árinnar. Leitast verður við að tryggja rennsli um kvíslar og farvegi árinnar, þar sem hún er færð til eða efnistaka á sér stað. Jafnframt verður tryggð að á lengri köflum verður hvergi skilið við ána í stokki eða beinum þróngum farvegi. Heldur verður skilið við farveg árinnar þar sem framkvæmdir eiga stað, að þeir verði a.m.k. jafnbreiðir og hlykkjóttir og þeir voru fyrir framkvæmd. Markmiðið er að farvegurinn verði áfram eðlilegur og fjölbreyttur með búsvæðum fyrir seiði, stoppistöðum fyrir göngufisk og hrygningarár.

Svæðið sem um ræðir teygir sig niður með bökkum Hálsár. Í heildina er það um 24.000 m<sup>2</sup> og gerir framkvæmdaraðili ráð fyrir um 49.000 m<sup>3</sup> malartekju þar næstu 4-5 árin. Þarna verður farið á allt að 3 m dýpi í tekju en þó einungis miðað við 0.5 m dýpt undir vatni. Einhver fiskgengd er í Hálsá en hún hefur ekki verið nýtt til veiðihlunninda. Eins og áður hefur komið fram er meginmarkmið framkvæmda að verja umliggjandi ræktað land og lyngmóa. Einnig er hún hugsuð sem tilraunaverkefni, þannig að farvegur árinnar verður breikkaður og myndaðar tjarnir með það að markmiði að koma á búsvæði fyrir sjóbleikju.



3. mynd. Fyrirhuguð efnisnáma afmörkuð gróflega á loftmynd frá 2019. Loftmyndir ehf.

## 3 FORSENDUR

---

### 3.1 STEFNA SVEITARSTJÓRNAR

Stefna sveitarstjórnar er sett fram í Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020. Í kafla **4.12 Efnistökusvæði** segir:

Í aðalskipulagi er gerð grein fyrir þeim svæðum þar sem fram fer og fyrirhuguð er efnistaka s.s. malarnám, sandnám og grjótnám. Listinn byggist á gögnum frá Vegagerðinni. Öll efnistaka er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar og samþykkt heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra svo og ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og VI. kafla laga um náttúruvernd.

Ekki liggur fyrir framkvæmdaleyfi fyrir allar námur sem merktar eru á aðalskipulagsuppdraætti. Veitt hafa verið tímabundin framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í ám. Efnistökusvæði í áfarvegum geta að vissu marki talist endurnýjanleg auðlind. Við efnistöku úr áfarvegum skal þess gætt að hafa sem minnst áhrif á lífríki á Anna. Taka ber mið af væntanlegum rannsóknarniðurstöðum þar að lútandi við gerð áætlana um slíka efnistöku. Leita skal umsagnar Veiðimálastofnunar áður en áformað er að taka efni úr ám.

Námuréttihöfum er skyldt að vinna áætlunar um efnistökusvæði þar sem m.a. er gerð grein fyrir áætluðu efnismagni, vinnslutíma og frágangi að efnisnámi loknu og sækja um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar fyrir notkun þeirra sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og laga nr. 44/1999, gr. 47 og 48 um náttúruvernd. Eftir 1. júlí 2008 varð óheimilt að nýta gamlar efnisnámur án framkvæmdaleyfis óháð stærð þeirra. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og Umhverfisráðs Dalvíkurbyggðar og afla starfsleyfis hjá heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Gerð er krafa um góða umgengni, skipuleg vinnubrögð og snyrtilegan frágang að lokinni vinnslu.

Ekki er almenn heimild til þess að opna nýjar námur án afmörkunar í aðalskipulagi.

### 3.2 STAÐHÆTTIR

#### 3.2.1 MENNINGARMINJAR

Minjavérndarsvæði 655-þS (skv. aðalskipulagi) er austan Hálsár. Það er gróflega afmarkað utan um svæði með talsverðum þéttleika minjastaða. Á móts við fyrirhugaða námu eru tún, þ.e. raskað land. Engar minjar eru skráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í *Fornleifaskráningu í Eyjafirði XVIII* (Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003) og fátt um minjastaði vestan Hálsár.

- Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020, kafli 5.2: **655- þv, Háls og austanverður Hálsdalur**  
„Hin miklu garðlög sem greina má víða í hlíðum í Svarfaðardals og Skíðadals greinast á þessum slóðum í fleiri garða og í raun er garðakerfi Dalvíkurbyggðar hvergi eins flókið eins og einmitt á þessum stað. Á Hálsinum eru einnig minjar um mikla hjáleigubyggð. Svæðið er óvenju auðugt af skemmtilegum minjum og gönguleið inn eftir dalnum er auðveld. Flatarmál um 460 ha.  
*Ákvæði: Verndun búsetuminja og búsetulandslags.*“
- Ekki verður séð að fyrirhuguð efnistaka hafi nein áhrif á minjavérndarsvæðið.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði verður kannað m.t.t. fornleifa í samvinnu við minjavörð á Norðurlandi eystra áður en framkvæmdaleyfi verður veitt.

#### 3.2.2 NÁTTÚRUVERND

Fyrirhuguð náma er ekki á náttúruverndarsvæði eða að svæði með vistkerfi eða náttúrufyrbrigðum, sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd.

### **3.2.3 LÍFRÍKI HÁLSÁR**

Fyrir liggur umsögn Fiskirannsókna ehf.<sup>1</sup> um líkleg áhrif efnistöku á lífríki árinnar. Þar segir m.a.:

Sögur fara af einhverri sjóbleikju í ánni en hún hefur þó ekki fundist á fyrirhuguðu efnistökusvæði. Meginmarkmið framkvæmda er að verja ræktað land og lyngmóa, en einnig vill landeigandi láta á það reyna að skapa hentug skilyrði fyrir sjóbleikju í ánni.

Í ágúst 2021 gerðu starfsmenn Fiskirannsókna ehf seiðamælingu rétt ofan við fyrirhugað efnistökusvæði. Það er stutt frá því að segja að engin seiði fundust.

...

Ráðgert er að fyrrgreint magn verði tekið á efnistökusvæðinu á næstu 4-5 árum. Hvert ár verða gerðar þær nauðsynlegu breytingar á farvegi Hálsar sem þarf til að verja gróið land og lyngmóa. Einnig verður lagt í vinnu við að breikka ána, hægja á vatnsrennslu og myndaðar tjarnir og kvíslar þar sem vonast er til að skapist hentug búsvæði fyrir sjóbleikju.

Heppilegasti tími til framkvæmda við ána er veturninn (des.- mars). Næst skásti tími ársins til framkvæmda er vor (apríl-júní). Sumar og haust (júlí-nóvember) eru mjög óheppileg til framkvæmda. Tímasetning framkvæmda verður hluti framkvæmdaleyfis.

### **3.2.4 AÐRAR FORSENDUR**

Aðkomuleið er frá þjóðvegi rétt vestan brúar á Hálsá. Námusvæðið liggur vel við framkvæmdum við fyrirhugaðan göngu- og hjólastíg meðfram jarðstreng Landsnets.

Fyrirhugð náma verður vel sýnileg frá þjóðvegi og áberandi frá áningarstað við minnismerki séra Friðriks (sjá mynd 1).

## **3.3 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR**

Breytingin á hvorki við viðfangsefni Svæðisskipulags Eyjafjarðar 2012-2024 né aðalskipulags aðliggjandi sveitarfélaga, Fjallabyggðar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Hörgársveitar.

Fyrirhuguð framkvæmd snertir ekki stefnumörkun Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Efnistökusvæði í árfarvegum geta að vissu marki talist endurnýjanleg auðlind þar sem framburður árinnar getur með tímanum fyllt í efnistökusvæðið. Að því leyti gæti staðsetning efnistökusvæðisins fallið að meginjónarmiðum stefnunnar.

---

<sup>1</sup> Erlendur Steinar Friðriksson. Umsögn vegna efnistöku við Hálsá. Fiskirannsóknir ehf. Akureyri 25.2.2023.

## **4 ÁHRIFAMAT, UMHVERFISMAT ÁÆTLUNAR**

---

Öll skipulagsgerð fellur undir lög um umhverfismat áætlana og framkvæmda nr. 111/2021. Við gerð breytingartillögu aðalskipulags verður unnin umhverfismatsskýrsla þar sem gerð verður grein fyrir líklegum áhrifum skipulagsins á umhverfið eftir því sem við á.

Í umhverfismatsskýrslu áætlunar skal a.m.k. koma fram:

- a) yfirlit yfir efni viðkomandi áætlunar og tengsl hennar við aðra áætlanagerð,
- b) lýsing og mat á líklegum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar þar sem lagt er mat á vægi umhverfisáhrifa út frá skilgreindum viðmiðum,
- c) lýsing og mat raunhæfra valkosta við áætlunina, að teknu tilliti til markmiða með gerð áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs hennar, þ.m.t. núllkosts,
- d) lýsingu á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og vöktun, eftir því sem við á,
- e) samantekt á skýru og auðskiljanlegu máli á upplýsingum í a–d-lið,
- f) nánari upplýsingar sem tilgreindar eru í reglugerð um efni umhverfismatsskýrslu.

Gerð verður grein fyrir umhverfismati skipulagsins í greinargerð skipulagbreytingarinnar í samræmi við umfang og tilefni.

## **5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ**

---

Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi verður sett fram á breytingarblaði þar sem gerð verður nánari grein fyrir breytingum á skipulagsupprætti og skipulagsákvæðum, helstu forsendum og umhverfisáhrifum breytingarinnar. Breytingatillaga verður auglýst í samræmi við ákvæði skipulagslaga með a.m.k. 6 vikna athugasemdafresti.


Í efnistökuáætlun verður m.a. gerð grein fyrir tilhögun efnisnámsins, tímaáætlun, vinnslutíma og frágangi á verktíma og við verklok.

### **5.1 VÉRKÁFANGAR**

- Lýsing aðalskipulagsbreytingar
  - Auglýsing og kynning
  - Lýsing send umsagnaraðilum
- Drög að breytingu á aðalskipulagi svæðisins kynnt sbr. 30. gr. skipulagslaga
  - Gengið frá breytingartillögu.
  - Kynning; opið hús/almennur fundur.
- Skipulagstillaga afgreidd af sveitarstjórn til auglýsingar
- Tillaga að breytingu á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun til yfirferðar
- Auglýsing, 6 vikna athugasemdafrestur
  - Yfirferð athugasemda
  - Tillögur um afgreiðslu athugasemda
- Samþykkt sveitarstjórnar
- Staðfesting Skipulagsstofnunar á breytingu á aðalskipulagi og auglýsing um gildistöku í B-deild Stjórnartíðinda.

### **5.2 TÍMAÁÆTLUN**

Stefnt er að því að tillaga að breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar verði unnin og auglýstar í júní/júlí 2023. Gert er ráð fyrir að breyting á aðalskipulagi taki gildi haustið 2023.



4. mynd. Skipulagsferli, skýringarmynd.

### 5.3 UMSAGNARAÐILAR

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.
- Fiskistofa
- Vegagerðin
- Norðurorka
- Rarik
- Aðliggjandi sveitarfélög
  - Hörgársveit
  - Sveitarfélagið Skagafjörður
  - Fjallabyggð
- Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar
- Veiðifélag Svarfaðardalsár

## 5.4 ÁBENDINGAR OG ATHUGASEMDIR VEGNA LÝSINGAR

Skipulagslýsing verður send umsagnaraðilum, kynnt með auglýsingum í blöðum og dreifiritum, á vef sveitarfélagsins <https://www.dalvikurbyggd.is/> og verður hún aðgengileg á skrifstofu Dalvíkurbyggðar, Ráðhúsinu á Dalvík.

Á kynningartíma lýsingarinnar er óskað eftir ábendingum, sjónarmiðum og athugasemdum um fyrirhugaða skipulagsvinnu frá almenningi og umsagnaraðilum.  
Þar sem um er að ræða mat tveggja skipulagskosta eru sjónarmið um staðsetningu starfseminnar vel þegin.

Ábendingar skulu vera skriflegar og merktar **Aðalskipulag – breyting** og skal nafn sendanda, kennitala og heimilisfang koma fram. Þær skal senda á:

- Dalvíkurbyggð
- Ráðhúsi
- 620 Dalvík
- eða á netfangið [bto@dalvikurbyggd.is](mailto:bto@dalvikurbyggd.is)

Ábendingum og athugasemdum við skipulagslýsingu verður ekki svarað formlega á þessu stigi. Þær verða hins vegar hafðar til hliðsjónar og leiðbeiningar eftir því sem við á við gerð skipulagstillögu. Hægt verður að gera formlegar athugasemdir þegar skipulagstillagan verður auglýst.

Kynningartími skipulagslýsingar og skilafrestur ábendinga kemur fram í auglýsingu og á vefsíðu Dalvíkurbyggðar (<https://www.dalvikurbyggd.is/>).